

Vettvangsferð svæðisráðs Norðursvæðis

Vatnajökulspjóðgarðs frá Dettifossi í Vesturdal 30. sept. 2011

Mættir: Sigprúður Stella Jóhannsdóttir frá umhverfisverndarsamtökum, Böðvar Pétursson Skútustaðahreppi, Soffía Helgadóttir Norðurþingi, Grétar Ingvarsson frá samtökum útivistarfélaga og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Deiliskipulag og framkvæmdir við Dettifoss að vestan.
2. Dettifossvegur 2 og 3 áfangi.

Hist var á nýju bílastæði við Dettifoss gengið niður að Dettifossi, ekinn Hafragilsfossafleggjarinn, stoppað stutt í Hólmatungum, ekið í Vesturdal, fundað stutt í landvarðahúsi og að lokum ekið að Hljóðaklettabílastæði.

Deiliskipulag við Dettifoss: Svæðisráð var sammála um að víkka þyrfti út drög að deiliskipulagi svo það næði yfir svæðið frá Selfossi í suðri, Jökulsá í austri, Hafragili í norðri og vestri og taki til allra ferðaleiða eins og kveðið er á um í verndaráætlun. Hluti af deiliskipulagssvæðinu við Dettifoss er utan þjóðgarðsmarka og því þarf að hefja viðræður við Landeigendur í Reykjahlíð um það hið fyrsta. Hjörleifur kynnti hugmyndir sínar um uppbyggingu gönguleiða frá bílastæði að Dettifossi. Aðgengismál rædd nokkuð ítarlega. Svæðiráðsfulltrúar nokkuð sammála um að aðgengi fyrir hreyfihamalaða þurfi að vera tryggt með einhverjum hætti og að hugsa þurfi fyrir fleiri árstíðum en sumrinu.

Varðandi staðsetningu og legu þjónustuhúsa við Dettifossbílastæðið þá kom fram sú skoðun aðmikilvægt væri að húsin væru staðsett með þeim hætti að þau skyggðu ekki á útsýni gesta yfir svæðið. Þ.e. ef gert er ráð fyrir að gestir geti sest utan við húsin þá hafi þeir útsýni til austurs en ekki til vesturs yfir bílastæðið.

Eftir að hafa skoðað Hafragilsfossafleggjarann voru orðaðir fjórir möguleikar um framtíð hans:

1. Loka afleggjaranum og ganga frá.
2. Láta hann vera í núverandi ástandi
3. Bera í hann meira efni og laga þannig að hann verði fólksbílafær og rútur geti mæst
4. Fylgja áætlun Vegagerðarinnar um 6 metra breiðan, uppbyggðan og klæddan veg

Eftir nokkrar vangaveltur um hvað þjónaði hvaða tilgangi, kosti og galla var svæðisráðið sammála um leið 3.

Hólmatungur: Stoppað stutt, litlar umræður enda fáir lausir endar.

Vesturdalur: Mikil umræða um stjórnun umferðar, samspili klósetta, göngustíga og tjaldsvæðis. Áhersla lögð á bílastæði við Langavatnshöfða, bílastæði niðri við brekkuna og óuppbyggðan veg með klæðningu í gegnum tjaldsvæðið. Eftir að tjaldsvæði sleppir töldu menn óþarfa og til lýta að breyta vegi.